



Skólaráðsfundur 15.október 2015

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðmundur Ingvar Jónsson kennari, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Jenný Magnúsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Redife Dino Osmani fulltrúi foreldra, Jóhanna Pálmadóttir fulltrúi foreldra, Hulda María Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Ólafur Eyjólfsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Birgir Örn Hjörvarsson formaður nemendafélags skólans, Fannar Ingi Arnbjörnsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundaritari). Kristján Carlsson Granz foreldri, boðaði forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti fulltrúa skólaráðs og fór yfir hlutverk þeirra og skólaráðs.
2. Guðný Karlsdóttir fór yfir hvernig skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í 3 hluta, þ.e. almennan hluta, starfsáætlun og bekkjarnámsskrár og hvar þessi skjöl væru aðgengileg á heimasíðu skólans. Síðan fór hún yfir helstu atriði starfsáætlunar skóla fyrir skólaárið 2015-2016 en fundarmenn höfðu fengið starfsáætlunina til yfirlestrar í tölvupósti með fundarboði. Nokkrar smávægilegar breytingar voru gerðar á texta og eftir það þá lagði Ásgerður starfsáætlun fram til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum með undirskrift. Starfsáætlunin verður svo send til fræðsluráðs Reykjanesbæjar til samþykktar.
3. Ásgerður kynnti vinnu við þróunarverkefni sem allir kennarar og þroskaþjálfar eru að vinna við undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar.
4. Önnur mál:
  - a. Ásgerður fór yfir skólabyrjun þessa skólaárs, ráðningarmál, námsefniskynningar að hausti, samskiptadaginn, samræmdu prófin og vetrarleyfi.
  - b. Rætt var um hversu vel Vinaliðaverkefnið er að ganga og Ásgerður kom kærum þökkum til foreldrafélagsins sem og Kvenfélagsins fyrir þeirra styrk til þess að greiða fyrir þetta verkefni.
  - c. Rætt var um að áætlað er að endurskoða skólareglur á þessu skólaári.
  - d. Næsti fundur verður í nóvember og verður þá farið yfir Sjálfsmatsskýrslu skólans og niðurstöður samræmdra prófa hjá 4., 7. og 10. bekk auk annars.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri